

**Nd.**

## **286. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit í Skagafirði og gera að prestssetursjörð í Viðvíkurprestakalli, í stað Viðvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Viðvík, hið forna prestssetur Viðvíkurprestakalls, hefur ekki verið prestssetur nokkur undanfarin ár. Um nokkur ár var prestakallinu þjónað af nágrannaprestum, en á síðastliðnu vori var ungur prestur settur til þess að þjóna því.

Í Viðvík eru svo lélegar byggingar, að presturinn vildi ekki hafa heimili þar. Fékk hann til bráðabirgða húsnæði að Vatnsleysu í Viðvíkursveit, og hefur hann setið þar þetta ár. En húsnæði það, sem presturinn hefur, er svo þröngt, að til frambúðar er það honum algerlega ófullnægjandi.

Nú hyggst presturinn, séra Björn Björnsson, að sækja um Viðvíkurprestakall, en hefur sett það skilyrði, að Vatnsleysa yrði keypt og gerð að prestssetri prestakallsins. Viðvíkur- og Hofstaðasóknir, innan prestakallsins, hafa eindregið óskað þess, að Vatnsleysa verði keypt og gerð að prestssetri. Vatnsleysa liggur betur við samgöngum en Viðvík. Þar er nýbyggt vandað íbúðarhús, sem mun fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um hústaði presta. Loks má geta þess, að eigandi Vatnsleysu, Jósef J. Björnsson fyrrv. alþm., er fánlegur til þess að selja jörðina.

Í tillögum prestakallaskipunarnefndar, sem liggja nú fyrir Alþingi, er svo til ætlað, að Hólar í Hjaltadal verði gerðir að sérstöku prestakalli. Komist sú skipan á, liggur Vatnsleysa því nær mitt í milli þeirra þriggja kirkna, sem þá verða í Viðvíkurprestakalli, en það eru Viðvíkur-, Hofstaða- og Rípurkirkjur.

Við höfum leitað umsagnar biskups um frumvarpið. Mælir hann eindregið með því, að frv. verði samþykkt, eins og bréf hans sýnir, sem hér birtist.

### **Fylgiskjal.**

„BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 26. apríl 1941.

Þingmenn Skagfirðinga hafa sent mér til umsagnar meðfylgjandi „frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri“.

Frá því er séra Guðbrandur próf. Björnsson fór frá Viðvík árið 1934, sótti enginn prestur um brauðið, þar til 1936, að séra Jón Skagan fékk veitingu fyrir embættinu. Kom þó ekki til þess, að hann starfaði þar nyrðra, og mun ástæðan aðallega hafa verið sú, að hann treysti sér ekki til þess að vera í þeim húsakynnum, sem þar voru, eins og heilsu hans var komið. Í fyrra sumar var settur prestur í prestakallið, en hann hefur ekki heldur treyst sér til að sitja í Viðvík, enda kemur öllum saman um, að húsakynninn séu óviðunandi og að engin leið sé fyrir prest að setjast þar að, án þess að byggt sé upp á staðnum. Um Viðvík sem prestssetur má að visu ýmislegt gott segja. En eins og skipan sókna og kirkna er hugsuð í prófastsdæminu framvegis, þá er

enginn efi á því, að Vatnsleysa er mjög ákjósanleg sem prestssetur. Ef Hólar fá sérstakan prest, sem ég hygg, að flestum komi saman um, að sjálfsagt sé, þá er Vatnsleysa allra staða bezt sett sem prestssetursjörð og alveg í miðju prestakallinu. En auk þess er ýmislegt annað, sem sérstaklega mælir með því, að Vatnsleysa verði gerð að prestssetri. Íbúðarhúsið er ágætt og mun ekki vanta á staðinn aðrar byggingar en fjós. Túnið er einnig gott. Bifreiðarvegur liggur rétt fyrir ofan staðinn og símasamband. Hins vegar er ekki lagður vegur til Viðvíkur og enginn sími. Sóknarbúar munu yfirleitt óska þess, að þessi skipan verði gerð. Prestakallaskipunarnefnd, en hana skipa, sem kunnugt er, undirritaður, vígslubiskupinn á Akureyri og héraðsprófastur Skagafjarðarprófastsdæmis (hinn síðasti að því er til Skagafjarðarprófastsdæmis kemur), tók þetta atriði til yfirvegunar á síðastliðnum vetri og komst að þeirri niðurstöðu, að æskilegt væri, að Vatnsleysa yrði gerð að prestssetri.

Að öllu þessu athuguðu, leyfi ég mér að mæla með því, að hið háa Alþingi samþykki áður nefnt frumvarp nú þegar á þessu þingi.

Biskupinn yfir Íslandi.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til Alþingis.“